

Auglýsing

68

24. júní.

um staðfesting stjórnnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir kaupþúnið Haukadal í Vesturísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir kaupþúnið Haukadal í Vesturísafjarðarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir kaupþúnið Haukadal ásamt þurrabúðarhúsum eftir landamerkjum jarðarinnar.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar; auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kaupþúnsins, til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marsmánuði, í júnimánuði og októbermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumannsins.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett.

Formaður skal boða þeim fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er leiðir af brjefaskriftum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er umræðir í þessari samþykkt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaæri eða einstakra manna eign.

68
24. júní. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, sem samþykktin nær yfir og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður annar en formaður krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er hlut í eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta, ella tilkynni sýslumanni, ef um brot er að ræða á samþykktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppsþjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fje sje veitt.

Nú neitar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sje viðhöfð, og trjególf í öllum íbúðarherbergjum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstað sje herbergi, sjeu þau svo óhrein, að nefndin álití húsbúum hættu búna.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, og getur nefndin þá bannað íbúðina. Skal þá nefndin tilkynna húseiganda þanníð skriflega og færa rök fyrir og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni þyki viðunandi. Þó er húseiganda frjálst innan átta daga að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Kjallara má eigi nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

III. *Um skóla.*68
24. júní.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar til fjórum sinnum á ári, eftir því sem henni þykir þurfa.

Hver sá er tekur til kenslu 5 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætli að kenna.

Hver kenslustofa skal vera svo stór, að 80 rúmfet, að minsta kosti, komi á hvert barn. Gólf í kenslustofum skal þvo á hverjum degi, en aldrei sópa.

10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd vör við, að nemendur eða kennari hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjerðslækni og tilgreina nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru. Hafi skólakennari eða nemandi berklaveiki og læknir álitur, að um sóttnæmishættu sje að ræða, getur heilbrigðisnefnd bannað að nemendur eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er afstaðinn að dómi læknis. Holdsveik börn mega ekki ganga á skóla nje holdsveikir menn fást við kenslu. Um aðra næma sjúkdóma fer eftir áliti hjerðslæknis í hverju einstöku tilfelli.

IV. *Um bókunarhús.*

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bókunarstofum í kaптúnunum og skipa bókurum að þvo gólf, loft og vegg, hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, er lungnatæringu hafa nje nokkurn annan næman sjúkdóm eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofum og enginn má sofa i stofunum.

V. *Um verslunarbúðir o. fl.*

12. gr.

Verslunarbúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru til skemtana, skulu þvegin hátt og lágt, að minsta kosti einu sinni á ári og gólf í þeim húsum á hverjum morgni, ef þau eiga að notast að deginum.

I verslunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til opinberra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, er festir sjeu á vegg eigi nær gólfi en tvö fet og skulu þeir vandlega hreinsaðir á hverjum morgni.

- 68.** Verði kirkja bygð í kaupúninu, gilda hinar sömu reglur fyrir hana. Í skólum, 24. júní. kirkjum og fundarhúsum skal loftræsing vera svo sem heilbrigðisnefnd ákveður.

VI. Um fráræslu.

13. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á að það saurgi jarðveginn undir húsum. Skál veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsinu svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi komi pollar eða vilpur og hvergi flói út úr þeim, og skal hreinsa þau svo oft, að eigi leggi óðaun úr þeim.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlegt, að vatnsheldur botn sje gerður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef viðkomendur heldur kjósa að bera skólp svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd álitir hættulaust.

14. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gjöra skólpræsi hver frá sínu húsi út í það ræsi, og skulu þau eigi miður gerð en aðalræsið.

Skyldir skulu eigendur blautfisks- og lýsisbræðsluhúsa að gera ræsi frá húsum þessum, ef heilbrigðisnefnd álitur þess þörf.

VII. Um vatnsból.

15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum, er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma renslí úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum og má eigi láta í þau fara eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nje neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból nærri þeim.

16. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að milli bilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gera nýjan brunn eða breyta gömlum brunni og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefnd, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er grefti eða brunni er lokið, hvort nýtilegt er, og hafa gætur á að brunnurinn sje gerður á þann hátt, sem hjer segir: 68
24. júní.

Sje brunnur boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess að sam-skeytin milli leggjanna sje vatnsheld.

Sje brunnur grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan úr höggnu grjóti eða hörðum steini og líma stein við stein með steinlími og skal hleðslan þannig gerð svo langt að neðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en þó aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa stein-steypu. Niður með hleðslunni að utan skal þá láta einhvers konar línkendan leir og skal það lag vera 1 al. á þykt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{2}$ al. eða meira upp úr jörðinni og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga og skal hann vera að minsta kosti $1\frac{1}{2}$ al. á breidd og halla út frá brunnopinu.

Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur og skal taka vatnið úr brunnum með dælu, er gangi upp í gegn um miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo að loft komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefndin leyfa að brunnar sje gerðir úr grjóti, án steinlíms, og vatnið dregið upp í fötu. Utan um opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sje að minsta kosti $1\frac{1}{2}$ al. á hæð.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka neyzluvatn úr brunni eða öðru vatnsbóli um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt.

Leiði læknisrannsókn í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unt að gera við vatnsbólið svo að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

VIII. Um peningshús, hauga og forir.

18. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

19. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haugshús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið og skal hún og gæta þess, að haldin sje fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi nje alfaravegi en nemi 10 álnum. For má ekki gera

68 og ekki hafa haug nær alfaravegi eða íbúðarhúsi en nemi 10 áln. og ekki nær 24. júní. vatnsbóli en 15 álnir. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{2}$ al. eða meira upp úr jörð og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti eigi fallið í forina.

Standi hús þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haugshús og heimtað, að forir sjeu gerðar úr grjóti og steinlimi, svo að þær sje vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

20. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarinnar greinar, en heimilt er þá viðkomanda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má.

IX. Um salerni.

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni, er sett sje á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinsteypt eða úr hefludum og plægðum gólfborðum og liggi gólfíð hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er falli fast að setunni. Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi, má hafa salerni yfir henni þannig, að saurindin fari jafnóðum í forina, en loftræsing skal þá vera góð í salerninu.

22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin tæmd jafnskjótt og þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir hvar láta megi saur úr salernum.

23. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en samþykkt þessi eða þau eru illa gerð eða óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni samkv. 21. gr.

Þeir, sem halda daglaunafólk, skulu skyldir að hafa salerni svo mörg eða stór, sem heilbrigðisnefnd álitur nægja og gilda hinar sömu reglur um frágang þeirra, sem annara salerna.

X. *Um sorp og önnur óhreinindi.*68
24. júní

24. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má eigi hafa nær íbúðarhúsum nje vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu alt sorp, að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burtu jafnóðum og þau fyllast á þeim stað, er hún tiltekur.

25. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori, hausum og dálkum í sjóinn, ef þessu er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd tiltekur, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt.

Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á, að þessu ákvæði sje hlýtt.

26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlulykt eða daunilt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eign þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óprifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust burtu.

27. gr.

Hver sá iðnaður, sem óprifnaður fylgir eða óhollusta, svo sem lýsis-bræðsla, sútun, fiskþvottur o. s. frv. skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrir mælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XI. *Um slátrun.*

28. gr.

Slátrun á sauðfje fari fram á afviknum stað og sje háð eftirliti heilbrigðisnefndar. Ávalt skal hafa á blóðvelli sjerstakt ílát fyrir sulli og skulu þeir brendir að kveldi hvers slátrunardags eða grafnir að minsta kosti alin í jörð niður.

XII. *Um matvöru.*

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, er sje svikin, skemd eða skaðleg heilsu manna og skal henni heimilt að taka í búðum kaupmanna fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til, að sje svikin, skemd eða skaðleg, og láta rannsaka hana á efnarannsóknastofunni í Reykjavík og skal kostnað þann greiða úr sveitarsjóði.

68 Nú þykir heilbrigðisnefnd og hjeraðslækni mikil líkindi til, að matvaran
 24. júní. sje óholl til manneldis, og má þá banna seljanda að láta hana fala, þar til er álit
 rannsóknarstofunnar í Reykjavík er kunnugt orðið, og sje það í þá átt, að varan
 sje skaðleg, má banna seljanda að selja hana til manneldis.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má eigi selja til manneldis,
 nema hjeraðslæknir eða dýralæknir álíti það hættulaust.

XIII. Um næma sjúkdóma.

30. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal
 heilbrigðisnefndin aðstoða hjeraðslækninn við sóttvörnina.

Ef alvarlega næmur sjúkdómur kemur upp á svæði því, sem samþykktin
 nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stund
 strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan,
 burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIV. Um kirkjugarða.

31. gr.

Verði gerður kirkjugarður í kaптúninu eða hann stækkaður, skal leita
 álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lok-
 ræsum, ef það er raklent, svo að vatn komi upp í grafirnar nokkuru sinni.

Vatnsból skulu eigi nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en
 nemi 100 álum.

Svo fljótt sem því verður við komið, skal láta kirkjugarðinn vallgróa.

XV. Um sektir.

32. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkura þá
 fyrirskipun, er heilbrigðisnefndin setur henni samkvæmt, þá varðar það sektum
 frá 5—200 króna, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta
 vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna,
 þá er henni það heimilt og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitar-
 sjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. mars 1909.

68

24. júní

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest og birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

69

24. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir kaптúnið Þingeyri í Vesturísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum 10, nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitafjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir kaптúnið Þingeyri í Vesturísafjarðarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir kaптúnið Þingeyri ásamt þurrabúðarhúsunum innanað Vegamótum, að því húsi meðtöldu.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kaптúnsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marsmánuði, í júnímánuði og í októbermánuði. Hann ákveður fundartíma